

UPPSKRIFT

Ungbarnahúfa



navia

Stærðir: 3 (6-9) 12-18 mánaða

Garn: Navia Uno ljósgrátt N12, Navia Uno bleikt (ljóst) N132

Garn magn: 1 (1) 1 dokka ljósgrátt, 1 (1) 1 (1) bleikt (ljóst)

Prjónar: 2 sokkaprjónar nr. 3½, heklunál nr. 3

Prjónafesta: 23 lykkjur slétt á prjóna nr. 3½ = 10 cm í breidd

Húfan er prjónuð langsum, slétt á réttunni og slétt á röngunni. Fitjið upp 31 (33) 35 lykkju á prjóna nr. 3½ og prjónið eina umferð slétt. Í næstu umferð er prjónað 3 slétt, aukið um eina lykkju snúna slétta, prjónið þangað til 3 lykkjur eru eftir, takið eina óprjónaða lykkju af, eina slétta, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir og svo ein slétt. Prjónið svo aukningu og úrtöku í annarri hvorri umferð allt í allt 13 (15) 17 sinnum. Prjónið eina umferð slétt eftir aukningu og úrtöku, haldið svo áfram og prjónið 3 sléttar, takið eina óprjónaða lykkju og prjónið eina slétta og steypið óprjónuðu lykkjunna yfir og prjónið þar til það er ein lykkja eftir á prjóninu. Aukið um eina lykkju snúna slétta og 1 slétt. Prjónið svo aukningu og úrtöku í annarri hvorri umferð allt í allt 13 (15) 17 sinnum. Prjónið 1 umferð slétt eftir seinustu aukningu og úrtöku. *Prjónið frá * til * einu sinni enn, og prjónið 11 (13) 15 inn og úrtöku umferðir (=miðjan á húfunni). Eftir það 11 (13) 15 inn- og úrtökur. Prjónið aftur * til * en nú með 13 (15) 17 inn- og úrtöku umferðir (= sama og í byrjuninni á húfunni). Fallið af.

Frágangur: Saumið húfuna saman. Heklið með tvöföldu bleiku (ljóst) með heklunál nr. 3 sirka 50 cm band hvorum megin á húfunni.

Þvottur: Þvóið húfuna í volgu vatni. Eftir það leggið húfuna á handklæði.

